

Slitrur úr Parísardagbók

Eftir Birgi Kjaran.

Vorið 1952.

1.

... Í París búa útlenzkir, Fransarar og hundar. Þar eru líka til húsa Mona Lísu, sá höfuðlaus Venus og líkið af Napóleon mikla. ... Mér er minnst um hundana gefið, og þó er ég hundavinur, en ég frábið mér svona hunda. Þeir eru allt of fínir og kúltíveraðir. Þetta eru tómir dömuhundar. ... Kjarval er aftur á móti meinlegast við höfuðlausar kvenfígúrus. ... Einu sinni sýndi ég honum eina höfuð- og handalaus, sem mér hafði áskotnast, og hann sagði:

„Finnst þér þetta ekki óhuggulegt, alveg eins og hún hafi lent í bílslysi!“ ...

Sumir segja, að það taki langan tíma að kynnast París. Það sé fullkomið ævistarf. Samkvæmt þeirra lögmáli á maður líka að kunna þar illa við sig fyrst í stað.

Ég hef þessa dagana verið að lesa endurminningar franska listaverkasalans fræga, Ambroise Vollard. Hann varð á sínum tíma einhver mesti Parísari allra Parísara, en honum dauðleiddist fyrst í þessari frægu borg, og hann segir, að í þokkabót hafi vinnukonunni sinni líka verið svona farið. Einn góðan veðurdag kom hún til hans og sagði:



Birgir Kjaran.

„Ég ætla bara að láta herrann vita, að ég er að fara.“

„Hvað er að? Líður yður ekki skaplega hérna hjá mér?“ spurði Vollard.

„Það er nú ekki það,“ sagði stúlkukindin, „en París er svo dapurleg. Heima getur maður talað við alla, en hér skiptir sér enginn af manni, — maður getur ekki einu sinni gengið sér hér til skemmtunar, því að göturnar eru allar nákvæmlega eins. — Ég fer heim.“ ...

Mér er þveröfugt farið við Vollard og sveitasakleysið hans. ...

Ég hef ekki verið hér nema stuttan tíma, og þó hefur borgin strax altekið mig. — París er nefnilega París, og París er aðeins ein. Þótt ég þekki hana lítið — ennþá, finnst mér hún þó þegar fremst þeirra borga, sem ég hef kynnt. — Hvað þessu veldur? — Eiginlega geri ég mér það ekki ljóst, — eitt hvert andrúmsloft, sem er sambland af sögu, list, smámunum litríks götulífs og æðaslögum heimsborgarinnar. ... Það er sennilega ógerningur að lýsa þessu, einkum þegar maður þyrlast um sjálfa hringiðuna. Kannski skýrist myndin seinna úr fjarlægð?

2.

... Síðustu tveir dagarnir hafa verið fyrstu hlýju vordagarnir, og um leið skipti allt um lit, trén tóku að laufgast, og fólkið fór úr yfirhöfnunum. Gangstéttakaffihúsin fylltust á augabragði. — Maður situr á útikaffihúsinu við „Café de la Paix“ og virðir fyrir sér marglitan fólksstrauminn, sem líður fram hjá, og heyrir kvakað á ótal tungumálum við borðin í kring. — Við næsta borð situr rosken Ameríkani. Amerikanar tala við alla, — og þessi er ekkert dölfallinn yfir París. ...

„Ég er búinn að fá meir en nóg af öllum þessum gömlu byggingum í Evrópu. Ég er líka orðinn dauðleiður á sögustaglinu í ykkur hérna megin hafsins. Þið talið um ekkert annað en einhver eldforn afreksverk og státið af gömlum húsa-kofum og söfnum, og maður er hálf dauður eftir að hafa rambað í

gegnum þau. En það er engu líkara en þið hafið ekkert aðhafzt síðustu fimmtíu árin, að minnsta kosti hef ég ekki komið auga á neitt teljandi, nema þá helzt rústirnar eftir þessar tvær styrjaldir, sem ykkur tókst að flækja okkur í. — — — Þið þurfið vissulega að læra betur hérna í Evrópu, finnst mér.“ ...

Maður getur verið ótrúlega einn í mannflóði milljónaborgarinnar. Hvergi hef ég fundið þetta betur en á námsárunum í London. Fyrsta mánuðinn talaði ég ekki við neinn nema dagblöðin, sem ég keypti mér daglega. En óvænt ávarp ókunnugs manns, opið viðmót og dálítil gusa af hressilegum skoðunum kippir einstæðingnum hins vegar á augabragði inn í hið iðandi mannlíf. Þetta skeður svo oft í París. Það eru ekki endilega Frakkarnir, sem þessu valda. — Kannski sízt þeir. Oftar eru það útlendingar, sem eins er ástatt um og sjálfan þig. ...

3.

... Ég er búinn að vera hér í mánuð. — Ég hef verið úti í allan liðlangan dag. Fyrst sat ég lengi og las í bók í Luxemborgargarðinum. Þar er mikil vorfegurð. Það er líka vor í unga fólkinu, sem situr í skugga kastaníutrjáanna og lætur vel hvert að öðru. Blöð kastaníutrjáanna eru nýútsprungin, fersk og fagurgræn. Ég hafði með mér ávexti í poka og lét það nægja sem hádegisverð. Svo fór ég að skoða málverkasýningu í Petit Palais. Það var sýning á verkum Edvarðs

Munchs, norska málans fræga. Það var stór og mikil sýning. Ekki var ég samt sérlega heillaður af henni, fannst eitthvað hryllingskennt eða sjúklegt í sumum myndanna. . . . Leiðin lá svo á aðra sýningu. Þar var sýning óháðu málanna, frístunda-málaranna. Hún hefur yfirleitt fengið slæma dóma sem heild. Fallegar myndir voru samt þarna innan um og saman við. . . . Það er mikið um að vera í málalistinni hérna í París. Ég hef skoðað einar sex sýningar, og er það þó aðeins lítið brot af því, sem til sýnis er þessa stundina. . . .

Dagarnir liða óðfluga, og mér finnst París æ furðulegri, nánar sem ég kynnist henni, því betur sem mér tekst að tengja saman alla smáþræðina, sem heildarmyndin er ofin úr. Bókakarlarnir við Signu, málarnir á Montparnasse, markaðskarlnir við fljótið, blökkulýðurinn á Búl Miech, arabísku teppasalararnir með sína rauðu feza, munkarnir, sem reika um hjá Sacré-Coeur og knæpukerlingarnar á Montmatre — allt eru þetta þættir myndarinnar miklu.

. . . Kannski er hér samankomið allt það bezta og fegursta í heiminum og líka allt það versta og ljótasta. Það fer fjarri því að Frakkar móti París einir saman. Þeir reistu hana, en nú er hún stefnumótsstaður heimsmenningarinnar og veraldarbotnsfallsins. . . .

Taktu bara myndlistina: Nú eru hér yfirlitssýningar á ítalskri málalist síðustu fimmtíu ár, norsk málverkasýning, írsk höggmynda-sýning, svo að eitthvað sé nefnt. . . .

Og þá músikin: Berlínar-Philharmoníu-hljómsveitin heldur hljótleika einmitt þessa dagana, Gigli er væntanlegur hingað 6. maí til þess að halda sína kveðjuhljótleika. Eftir þá ætlar hann að draga sig í hlé. Í söngleikahúsunum eru samtímis: Carmen, Aida, Rigolettó, Faust, Madame Butterfly, La Bohème og Káta ekkjan. Af léttara taginu eru söngskemmtanir Maurice Chevalier og Susy Delair. . . . Þetta er allt menning, sem kostar peninga, en borgin er auðug af menningu og fróðleik, sem lítið kostar og maður smátileinkar sér með því bara að ráfa um og hafa augun opin. — Ég hafði til dæmis gaman af því einn daginn að rekast á húsið, sem Chopin lést í, en nú rekur sú fræga frú Schiaparelli þar ilmvatnsverzlun. Þá var það og blandið dálítið sérstakri tilfinningu að tylla sér við borð á Café de la Régence, þar sem þeir Ólafur Gunnlaugsson, Björnson og Jónas Lie voru tíðastir gestir fyrir þrem aldarfjórðungum. Rústir Cluny klaustursins, sem einu sinni var líklega Svarti skólinn óttalegi, vekja minningar um Sæmund gamla fróða og selinn. Hálffeimnislega strýkur maður hendi eftir mjóhryggnum á sjálfri Venus frá Milos, sem sumir telja fegursta kvenskapnað veraldar, en mér fannst vera kaldur viðkomu og skolli holdamikill . . . Að horfa í dulmögnuð augu hinnar dulbrossa Monu Lisu, einmitt þá dagana, sem 500 ár eru liðin frá andláti meistarans mikla da Vinci, er heldur enginn hversdagsviðburður. . . .

Place Vendôme er ljóslifandi dæmi um það, hversu marghliða Parísar-borg er. Á því miðju er stór súla úr kopar, gerð úr málmi 600 fallbyssna, sem Napóleon hertók og lét bræða upp. Efst á súlunni er mynd af honum sjálfum í rómverskum keisaragalla. — Segir sagan, að hann hafi oft dulbúið sig á kvöldin og ráfað upp á Place Vendôme til þess að sjá, hvernig verkamennirnir ynnu að súlugerðinni. . . . Í einu horni torgsins eru vistarverur þeirra Chopins og Schiaparellis, á öðru horni sýning á blindralettri Louis Braille. Hann var Frakki, fann upp blindralettrið, lézt 1852. Vissulega einn af velgerðarmönnum mannkynsins. . . . Á annarri hæð á næsta horni er mér sagt, að Noel Coward eigi stóra íbúð. . . . Hér ægir saman nýju og gömlu, nýtsömu og fáfengilegu. En allt eru það ósviknir hlutir stóru myndarinnar, — myndarinnar af hinni óviðjafnanlegu París.

4.

. . . Svo eru það Frakkarnir. . . . Landarnir hérna skamma þá. Ég þekki þá ekki. Ég veit bara, að þeir eru ekki eins „galant“ og af er látið, og þeirra meginhugsun er að ná í peningana þína. En hver vill ekki plokka útlendinginn, hvar sem er á jörðunni? — Jú, vissulega er Frakkinn fjárglöggur. Einu sinni voru til í Frakklandi peningar, sem hétu centimur. Þeir eru víst til enn, en þú þarft aldrei á þeim að halda. Það eru 100 centínur í einum franka, og er enginn hlutur til í Frakklandi, sem er svo ódýr, að

hann kosti eina centímu. Lægsta upphæð, sem ég hef greitt, er 8 frankar eða sem samsvarar 35 aurum okkar. Þessa upphæð greiðir þú fyrir einn eldspýtustokk — og ef þú þarft að bregða þér á opinbert W. C. Ef þig rekur nauður til þess síðarnefnda, stillir þú þér upp í röð á ákveðnum stað og færð afhent og talin 3 blöð til notkunar og greiðir fyrir þetta 8 franka. Svo þegar þú kemur inn í sjálft verelsið, getur að líta spjald, sem á er letrað, að 8 frankarnir séu aðeins greiðsla fyrir pappír og afnot, en þjónustugjald sé ekki innifalið!

5.

. . . Þetta eru sólríkir vordagar og suma dagana sit ég í Tuileries-görðunum á hægri bökkum fljótsins. Það er líka yndislegt að ganga um þessa fögru garða. Þarna er fjöldi höggmynda og gosbrunna og skemmtilegt að horfa eftir reglulegum göngunum með margvíslega stýfðum trjám — og sjá Sigurbogann hefjast tignarlega að baki. — Þarna eru einnig tvær tjarnir, og fjöldi stráka siglir þar skútum sinnum og hraðgengum mótorbátum. . . . Maður verður strákur í annað sinn og fyllist áhuga fyrir að fylgjast með, hvort nokkur árekstur verði, eða hver sigri í kappsiglingunni. . . . Þarna er margt fleira fyrir börnin, t. d. hjólaskautabraut og sandkassar. Mestan fögnuðinn vekja þó asnarnir og geiturnar. Geiturnar eru spentar fyrir smá vagna, sem litlu krakkarnir aka í, en þeim stærri er leyft að fara á bak ösnunum — og þó teymt undir.

... Í Tuileries-görðunum eru líka fuglar. Alls staðar eru blessaðir fuglarnir, jafnvel inni í miðri stórborginni. Þetta eru einhverjir litlir spörfuglar. Þeir trítla á bekknum hjá mér, og ef ég fæ mér brauðbita, hirða þeir hvern smámola og alla mylsnu, sem til fellur.

6.

... Í gær kom hingað íslenskt kvennastóð, sem ætlaði að sjá París. Þar sem ég er orðin veraldarvanur Parísari og dömurnar góðvinir mínir, tók ég að mér leiðsöguna og arkaði með selskapið í blíðviðrinu um vinstri bakkann, sýndi þeim brogað stúdentalíf í háskólahverfinu og keleriissenur í Lúxemborgargarðinum. Fannst svo tími til kominn að hefja oss á herraþan og stórstikaði með þær niður í grafhvelingar Panthéons, helgi-reitar Frakka. Þar hvíla óskabörn og ástmegir Frakklands, 60 skrokkar og aska, í sérlegum umbúðum. Sá fyrsti var byltingarbrallarin Mirabeau, síðan andansjöfrarnir hver af öðrum, Rousseau, Zola og Victor Hugo — og svo öll halarófan á eftir. Þetta er vægast sagt skuggalegur og óhuggnanlegur myrkrakjallari. Það er skítkalt þarna í þokkabót. Ég held dömumun mínum hafi verið um og ó niðri hjá ofurmennunum, að minnsta kosti voru þær ógn fegnar að komast aftur upp í dagsljósið. ... Nú, þær höfðu þó séð þetta, og Panthéon er líka París. —

En dagur var ekki allur, og nú skyldi snæða. Maður mundi nú halda, að það væri ekki vandétið í

París, sjálfri háborg kokkakúnst-arinnar. En það er nú svona samt, smekkurinn misjafn og margs að gæta. — Sjálfur borða ég venjulega á smáknæpum, ítölskum eða rússneskum. Maður fær þarna



Nobu - Danne
Postcard 1953
13.4

B

gjarnan rússneska hnausþykka og matarmikla kálsúpu, sem heitir „bortsch“ og er elduð til vikunnar. Hjá ítölunum er hægt að velja um heila sátu af spaghetti eða hina kjarngóðu „minestrone“-súpu. Þessir staðir hafa geysilega kosti, því að brauðið er ekki reiknað sér og vínkarafflan er innifalin í verðinu. Og svo er ótalinn stærsti kosturinn, sem varfærinn maður benti mér á, þegar ég kom til Parísar. Hann sagði:

„Ef þú ert ekki ríkur og getur því ekki borðað á finum stöðum, þá áttu skilyrðislaust að éta á smáknæpum, þar sem eldað er í sama herbergi og snætt er í, því að þá geturðu kontrólerað, að vertinn stingi puttunum ekki nema einu

sinni niður í sósuna eða súpuna. Það er nefnilega sóðaskapur að stinga puttanum tvisvar og þrisvar niður í pottinn, sjáðu!“

Þetta reyndist mér einstakt heilræði, því að ég fékk ekki Parísarmagapínuna nema fyrstu sjö dagana, sem ég dvaldi í borginni.

... Nú, en inn á mínar sjoppur ætlaði ég alls ekki að teyma stóððið, svo að úr varð, að við hlömmuðum okkur niður á góðborgaralegum veitingastað við Champs Elysées. En þar með var ekki vandinn leystur, því að Íslendingar eru yfirleitt ógnar álfar að panta sér mat í veitingahúsum, ef þeir eru margir saman, eins og enginn geti ákveðið sig — og ekki bætir það úr skák, ef matseðillinn er á frönsku.

Til viðbótar kom, að mínar dömur voru mjög neyzlugrannar. Franskaðurinn ætlast til, að á góðum stað á matmálistíma fái gestir sér þrjá rétti: súpu eða forrétt, kjöt og ost eða eftirmat og svo auðvitað vín eða bjór með. Mitt kompaní pantaði sér bara mismunandi forrétti eða grænmeti, sem átti að étast með kjöti — og svo límonaði með — s'il vous plait! ... Þjónsgreyið ætlaði aldrei að skilja þessi býsn og undur, en lét sig þó hafa það, þegar ég pantaði mannamat og flösku af góðu víni með.

Á meðan við neyttum matarins, urðum við sjáendur og áheyrendur að einu af þessum sérstaðu sjónarspilum fransks götu og veitingahúsálífs:

Við næsta borð sátu tveir amerískir hermenn og tveir „gentlemenn“, sem ég sá að voru Araba-

prangarar af finni tegundinni. Viðskiptin hófust. Annar Kaninn var með mjög vandaða ljósmyndavél, sem hann sagði að kostaði 100 dali vestra. Kaninn var blankur. Arabinn var til í að kaupa og bauð 5000 franka. Kaninn sagðist ekki farga henni fyrir minna en 15.000 franka. Arabinn kvað ekki koma til mála að kaupa hana því okurverði. Ég hef séð, að svona vélar kosta hér í búðum 30–40.000 franka. Svo tók Arabinn upp finan gullhring og sagðist vilja skipta á honum og vélinni. Það runnu tvær grimur á hinn glysgjarna soldáta, en svo varð honum ljóst, að fyrir hringinn gat hann ekki skemmt sér og harkaði tilboðið af sér. Ég gat svo prýðilega fylgt með þessu öllu undir væng. ... Arabinn leitaði nú nýs lags og sagðist sjálfur ekki eiga nema 5000 franka, en hérna væri vinur sinn, sem ætti 2000 franka, og vildi leggja í verzlunina. En dátaskinnið stóð sig enn, og nú stóðu Kanarnir upp frá borðinu og gengu út, en Arabarnir voru ekki aldeilis búnir að sleppa bráðinni. Þeir á eftir, og þegar ég sá síðast til, hélt þófið áfram úti á götunni. — Já, það kennir margra grasa í henni París. ...

7.

Ég bý á hægri bakkanum eins og arískratarnir. Lengra nær samstaðan heldur ekki, því að göt-smugan mín er agnarlítill göt-rangali út úr meðalgötu, sem liggur í störgötu. Íbúðin er dágóð herbergiskytra á efstu hæð. En það er lyfta í húsinu, fyrir einn mann í

einu, og merkilegt — af Parísar-lyftu — er hún alltaf í lagi. Þetta er ekkert slordónahverfi. Út um gluggann minn sé ég grilla í Frakklandsbanka, bakhliðina að vísu. Það eru líka mikil lífspægindi, að hægt skuli vera að opna gluggann og fá inn svolítið loft, þó það sé svo sem ekkert háfjallaloft, bætir það tilveruna. Í næsta herbergi við mig hafa tveir æruverðugir munkar búið að undanfögnu. Þeir segja aldrei neitt, þegar ég mæti þeim á stigapallinum, en eru alltaf muldrandi eitthvað inni hjá sér, jafnt á nótt sem degi. — Trúlega bænir. Á hæðinni fyrir neðan mig býr held ég eitthvert ókristilegt fólk, ekki svo að skilja, að ég haldi það ósiðlegt, en það er töluverður fyrirgangur á því. — Nei, Guð sé oss næstur, í þessu húsi þekkjast engin ósiðlegheit, því í forstofunni sitja til skiptis vörð þrjár gyðjur siðgæðisins. Það eru kerlingarnar, sem reka hótelið. Ég held þær séu systur. Þær eru eftirhreytur frá öldinni sem leið, geymdar þarna í litlum klefa eins og sýnisgríp. Það er svartamyrkur í anddyrinu, en innst inni við stigauppganginn er lítill upplýstur klefi. Þar sitja þær með sendibréfarekkinn á aðra hönd og lyklabrettið á hina. Allar eru þær með öskugrátt, háuppsett hár, gulgrá andlitin í ótal hrukkum, varirnar þunnar og nánast fjólubláar, — svartklæddar með hákraga og blúndukraga upp úr hálsmáli, líka blúndubryddingar á ermum, stórar nælur á brjósti, litla gullhringi í eyrum — og svartar perlufestar á hænuháls. Þær eru stöðugt hekl-

andi. Líta aðeins upp, þegar einhver gengur hjá, rétta lykil, taka við lykli og afhenda bréf. Segja yfirleitt fátt. Þær eru þó ósköp alúðlegar við mig. Minnast alltaf á veðrið, þegar ég geng út og eru brosmildar, þegar þær rétta mér bréf að heiman. Þær safna nefnilega frímerkjum. Almennilegheita manneskjur, þótt útlitið sé ekki aðlaðandi við fyrstu sýn, og allsengar fordómanornir. Hafa alltaf til bjór, góðan, sterkan bjór, og selja líka sígarettur, en í þeim er ábyggilega ekki vottur af tóbaki, bara hreint hrossatað! ... Nokkrar þjónustustúlkur vinna þarna og einn karlmannsrindill, sem rogast með töskur og dyttar að því, sem aflaga fer. Hann er auðsjáanlega óaðri vera í augum madamanna. Honum er aðeins stjórnað með augnaráði og hæglátum, en ákveðnum bendingum.

Þær fara aldrei neitt út nema í kirkju. Heimurinn er ekki stór. Um páskana rakst ég á þær í Madeleine-kirkjunni, höfuðkirkju Parísar, svona líka dragfinar í alsvörtu sunnudagspússinu. Og svo skreppa þær við og við í leikhúsið. Það vill líka svo vel til, að það er leikhús hér í næsta húsi. Það er uppi á fjórðu hæð og ekki beinlínis í óperustíl, en það sem verra er: lyftan þar er oftast í ólagi.

8.

... Þótt gatan sé ekki stór, eru þrjár knæpur í henni. Þær eru aðallega sóttar af fólkinu úr götunni, bílstjórum og svo leikhúsgestum og gestum hótelsins míns.

Beztu viðskiptavinirnir held ég annars að séu vertarnir sjálfir; þeir skreppa oft yfir og fá sér einn hver hjá öðrum. Þeir harma allir þá góðu, gömlu tíma, þegar þessi gata rak annan og blómlegri atvinnurekstur. Þá var nú öldin önnur. Þá var líf í tuskunum, þá komu galant fín-kavalerar og keyptu dýr vín. En svo var þetta allt bannað, bisnessinn búinn — og eftir sátu bara sveittir bílstjórar, sem drukku gulan Pernot. Já, og svo slátrarinn og rakarinn, sem fá sér þarna oftast glas um hádegisdag og spila piquet. Heimur versnandi fer. Í götunni er líka rakarastofa, bakarí, kjötbúð, spaghettifabricka, tóbakssjoppa, blaðasali og gamall kynblendingur með ávaxtavagn. Ég held hann sé eini bindindismaðurinn í götunni. Hann hefur alltaf kaffibrúsa með sér. Þetta er sem sagt ósköp friðsæl gata, enda er ég nærri viss um, að sumir íbúar hennar fari aldrei út úr henni. — Kunnugir segja mér, að margir Parísarbúar kveðji þenna heim án þess að hafa nokkurn tíma komið inn í miðborgina, hvað þá heldur að þeir hafi skoðað legstað Napóleons. . . .

Svona vaskaekta Parísari var hún, götudrósin í bókinni hennar Collette, sem ég var að lesa nýverið. Hún átti víst vingott við heldri mann, sem átti hestvagn. Það var í þann tíð. Og eitt sinn ætlaði sá eðlalyndi hollvinur að lyfta upp ástmey sinni og bauð henni í lautatúr út fyrir París. En ekki voru þau fyrr komin út í Fontainebleau-skóginn en dömunni varð óglatt. Henni fannst sveitin svona óhugnanleg, —

henni bókstaflega flökraði við henni! . . .

Öðru vísi öðrum brá: Ég væri sennilega steindauður hérna, þrátt fyrir allar dásemdarnar, ef hér væru ekki grænu, fallegu garðarnir, sem maður getur stöðugt leitað athvarfis í. . . . Hvað er sildarstybban á Siglufirði eða fýlan frá Kletti á móti þeirri lyktarblöndu, sem á heitum dögum gýs út úr sumum Parísargötunum. Þessi blanda af brælu, af feitisssteiktum kartöflum úr steikstofunum, vellyktandamollunni úr ilmvatnsgerðunum og stækjunni úr léttikompum fyrir karlmenn á strætishornunum? Sú pestarblanda er ekki fyrir íslenzk lungu. Þá verkar grasangan og gróðurilmur Luxemborgar- og Tuileries-garðanna eins og balsam á sál og líkama.

9.

. . . Í morgun gekk ég á annað fjallið. Ég fór upp á Montmartre. Þeir eru sérkennilegir og fagurbreytilegir krókastígarnir hjá Sacre-Coeur enda kemur maður sjaldan þar, svo að maður rekist ekki á einhvern málara að starfi. Einkennilegt er, að oftast eru þeir að fást við sömu mótivin, — götustígur og svo Sacre-Coeur í bakgrunn. — Í dag var þarna öldungur að verki. Hann var með mikið og sítt, hvítt hár og stóra, snjáða baskahúfu, skeggið var líka hvítt. Hann var ógnfátæklega til fara. Auðvitað var hann að mála Sacre-Coeur. Hann starði stjörfum augum á mótivið. Trúlega hefur hann verið að mála það í þúsundasta skipti. — Mér datt í hug: sennilega verð-

ur þessi mynd til sölu niður á Signu-bakka á morgun. — Bara að einhver túristinn kaupi hana, — þess vildi ég óska. ...

Á heimleiðinni varð ég vitni að einu af þessum ósviknu Parísaratvikum, sem eru táknræn fyrir þvermóðsku og fjármunavitund Parísarans. Ég tók mér far með strætisvagni heim á leið. Ég stóð á afturpalli vagnsins. Öldungis að óvöru sprettur þar upp hörku deila milli vagnstjórans og eldri konu. Hún hefur farið upp í skakkan vagn og kennir honum mistökin. — Henni ber að greiða 15 franka til næsta stöðuls, og hún bregst hið versta við. Hann telur, að þetta sé hennar eigin sök og er harður af sér. Áhugi meðfarþeganna á gangi málanna eykst. Ýmsir fara að leggja orð í belg og skamma ríkið, bæjarfélagið og allt valdakerfi landsins. Vagnstjórinn ætlar nú að vera diplómatískur og segir, að hún geti sloppið með að greiða 10 franka og vill endurgreiða henni 5 franka af þeim 15, sem hún greiddi, þegar hún steig inn í vagninn. En kerla er orðin ofsa vond og hefur færzt í aukana við stuðning almenningsvagns — og í skjóli þeirrar Maginot-línu segist hún ekki taka við mútum. Vagnstjórinn reynir nú með lægni að pota fimm frónkunum í vasa hennar, en án árangurs. Nú er embættismanni hins fjórða lýðveldis nóg boðið. Hann verður ofsareiður og hendir fimm-franka peningnum út um gluggann. Að hugsa sér Frakka henda peningum! Það voru heldur ekki nema 5 frankar. Svo

vendir hann bakhliðinni í dömuna og hrækir út um gluggann til enn frekari áherzlu. Hann hefur sýnt vald franska ríkisins og uppreisnarlýðnum hæfilega fyrirlitningu. ... Við höfum ekið fram hjá mörgum



stöðlum áður en þetta umræðu efni er tæmt á afturpalli strætisvagns númer 77, sem skröltir hægt áfram ofan af Fjallinu í áttina til Fljótsins.

10.

... Klukkan er nærri tvö að nóttu, þegar ég sezt niður að krotu þessar dagbókar-glefsur. Ég er að koma ofan af Montparnasse. Ég var uppi í Select, íslenzku stúdentakránni. Það var mikið um að vera í kvöld. Það var almætt í nýlendunni. Þeir voru þarna allir, stammgestirnir, málarnir, myndhöggvararnir, skáldin og ameríski klóninn. Á næsta borði sat þýzki píanóleikarinn af barnum, þessi með stóru kúluna á skallanum, og margt var þarna fleira af því fólki, sem setur svip á staðinn. Raymond,

þjónninn, hafði ein ósköp að gera, en gaf sér þó tíma til að babla setningu og setningu á íslenzku — á stangli. Hann kann að bölvá á íslenzku.

Það hafði gerzt mikill viðburður í borginni. Skáldið var komið á staðinn. Það hafði hlaupið feikna fiðringur í alla skáld-skeggja nýlendunnar, jafnt alskeggja, hálf-skeggja, sem hýunga. . . . Svo höfðu þeir fengið ádiens, skáldið hafði setið á Dom hinum megin við götuna. Það er borgarlegur staður af betri enda, þrem klössum fyrir ofan Select. Þetta hafði orðið stórkostlegt samtal, slinxin hafði talað í stuttum, óræðum setningum, skeggarnir bara hlustað, aldrei þessu vant, því að þeir eru annars vanir að rifast, og vafalaust eiga þeir eftir að rifast um, hvernig túlka beri orð slinxins. Senn tókst þó bjórnum að koma hugarástandi skeggjanna í samt lag, og þá fóru að koma manneskjulegar sögur í leitirnar, því að sumir skeggjanna hafa afbragðs kímniáfu, en hafa hins vegar megna fyrirlitningu á óskáldum og ekki-akademíkerum og kunna margar sögur af slíkum fyrirbærum og þeirra hátterni. . . . Fyrsti skeggi segist til dæmis nýlega hafa hitt eitt íslenzkt **fenómen**, sem hafi verið búið að vera í fimm daga að leita að Bastillunni, því það hafi svo mikinn áhuga fyrir byggingarlist. Hann segir, að sama fenómen hafi hitt Skáldið, og hafi þá eftirfarandi samtal átt sér stað:

Skáldið: „Ja so þér komið frá Ítalíu, sáuð þér ekki margt fallegt í Róma?“

Fenómenið: „Jú, voða margt fallegt!“

Skáldið: „Hvaða kúltur-monúment sáuð þér fegurst í Róma?“

Fenómenið: „Coloseum.“

Skáldið: „Já einmitt, sko, so að Coloseum appeleraði til yðar?“

Fenómenið: „Já, en það hefur bara skemmst svo mikið í stríðinu!“

. . . Skeggi númer tvö hafði hitt annað íslenzkt fenómen. Það var rambandi um allar götur Parísar og meira að segja að leita að einhverjum snefli af menningu á hægri bakkanum! Fenómenið var með fullt fang af bókum — þar á meðal „París í gegnum aldirnar“, „París að næturlagi“, „Sjáið París á tveim dögum“ og „Listir í París“. — Fenómenið var alltaf að rekast á fólk í umferðinni, þegar það var að blaða í bókunum sínum, og þá að missa bækurnar og að ferfætlast í allri umferðarflækjunni við að tína þær saman. . . . Svo var ekki stundlegur friður fyrir fenómeninu, sem endilega vildi sjá frægt fólk. . . . Svona til að greiða lítið eitt leið hans, var honum bent á tvo skítuga karla og sagt, að þetta væru þeir Picasso og Matisse á morgungöngu.

. . . Skeggjar hafa hins vegar miklar mætur á orðheppnum akademíkerum. Þriðji skeggi kunni þessa sögu um einn slíkan landa:

Hann hafði verið eitthvað við skál, og lögregluþjónn vék sér að honum og sagði:

„Þér eruð drukkinn.“

Séniinu varð ekki svarafátt og gengdi:

„Já, og þér öfundið mig.“

... Hýjungar hlustuðu bara á spakmæli skeggjanna.

Þetta var annars allra skemmtilegasta kvöld á Select. Sennilega eru nú Skáldið, skeggjar og hýjungar gengnir á vit sinna draumheima og því jafngott fyrir einn veraldlegan að koma sér líka í bólið.

11.

... París á sínar ömurlegu hliðar, og þó þekki ég sennilega fæstar af þeim. Einn daginn varð ég sjónarvottur að atburði, sem mér mun seint úr minni líða. Ég var á gangi niður á Rue de Rivoli. Verzlanir voru opnar, mikil mannþröng á götunum og bílaraðirnar óslitnar á akbrautinni. Allt í einu sé ég mann á harða hlaupum. Svo heyrir í lögregluflautum, fyrst í einni og síðar í mörgum, og fjöldi lögregluþjóna tekur á sprett. Þeir eru auðsjáanlega að elta manninn, flauta í sífellu og veifa hvítum kylfunum. Manninn grípur ofsahræðsla, og hann æðir beint út í bílaþröngina, — að því er virðist út í opinn dauðan. Ég sé, að einn lögregluþjónanna er með höndina á skambbyssuskeftinu í slíðrinu. — En byssunnar gerðist — sem betur fór — ekki þörf. Maðurinn hneig niður örmagna á milli bílanna. Lögregluþjónarnir hirða hann og drasla honum upp á gangstéttina rétt hjá mér. — Aðra eins skellingu hef ég aldrei séð í neinum augum. Brjóstið gengur upp og niður, og honum liggur við köfnun. ... Svo kemur lögregluþill, og hinum arma búð-

arþjófi er ekið til hallar réttlætisins. ...

12.

... Stundum eru góðverkin líka misskilin, að minnsta kosti fannst mér það þann daginn, sem ég lifði það litla atvik, sem nú skal frá sagt. Það hímir ræfilslegur úti-gangshundur undir húsvegg kjötbúðar. Skelfing óhrjálegur ræfill með lafandi eyru og óhrainindaklepra í flókinni loðmullinni. Á kviðnum hanga harðir leðjudrönglar. Úr búðinni gengur kona með nokkrar kjötsneiðar í umbúðum. Hún sér soltinn hundinn, og allt í einu dettur henni í hug „góðverk dagsins“ og gefur seppa eina sneiðina. En svo fær hún bakþanka, og henni finnst hún hafa gefið honum fullmikið og ætlar að taka eitt hvað af sneiðinni aftur. Þetta sér aðvífandi maður, og af því að Parísurum er ekkert óviðkomandi, skammar hann hana fyrir að stela kjöti af vesælum hundi. Hún segist eiga kjötið, hafa gefið hundinum af því, en það hafi ekki átt að vera svona stór biti. Fleira fólk staðnæmist, og hver talar í kapp við annan, sumir með hundi og aðrir með konu. Ógnar handapat og hávaði. Konan tekur til sinna ráða og opnar pakkann sinn — tekur aðra sneið úr honum og ber við sneiðarendann, sem enn lafir út úr kjafti hundsins, til þess að sanna sitt mál. En nú bíður seppi ekki boðanna, en forðar sér sem fætur toga með sinn feng, enda er nærvera hans nú orðin algerlega óþörf, því að hópurinn heldur

áfram að rifast, hvað sem honum líður. Nú er málið nefnilega orðið prinsípmál, og um ekkert deila Frakkar af meiri rökleikni og þrákelkni en prinsípmál! Hver átti kjötið — hundurinn eða konan?

13.

... Þau eru fjölbreytileg, lífsfyrirbærin, sem þú getur rekizt á, er þú gengur eftir Signu-bökkum á góðviðrisdegi að vori. — Þarna standa þeir í röðum „búkinistarnir“ — bóksölukarlarnir með kassana sína; kannski hefur líka einhver kerling ofan af Flóamarkaði slangrað þarna niður eftir með drasl til að selja túristum. Svo eru það málverkasalarnir og alls konar aðrir sölumenn. Hingað og þangað eru náttúrlega listmálarar með staffelin sín. Á neðri bökkunum halda lassaróna-tetrin til, — þeir, sem eru með fætur vafða í druslur og sofa undir brúum. En fremst á bólverkunum sitja veiðimennirnir. Veiðimenn Signu, þolinmóðustu veiðimenn veraldar, án minnsta efa. Niður með allri á sitja þessir veiðimenn alla daga. Sumir með ómerkileg veiðafæri og hálf dottandi, aðrir með **finar græjur** og klæddir á viðeigandi hátt. ... Einhver gárunginn sagði mér, að Frakkar elskuðu **finar græjur**, sem þeir kynnu ekkert með að fara. ... Hvað um það — þeir dorga og draga inn, en aldrei skeður neitt, og aldrei hef ég séð fisk í netakörfunum þeirra. En viti menn, einn daginn var ég svo lánsamur að vera áhorfandi að þeim allt að því sögulega atburði, að mannkerti eitt dró

fisk úr fljótinu mikla. Hann var að vísu ekki nema svo sem spannarlangur, en kvikur og lifandi fiskur ur þó. Og hvílikur fögnuður, annað eins sólskinsbros hef ég varla séð á nokkru andliti. ...

14.

... Ég hef kynnt Frökkum. Ekki þjóðinni, nei, en heilli fjölskyldu þó, og það er meir en margur landinn getur státað af, sem lengur hefur dvalið hér en ég. Þau heita Petitpierre. Hann er pósthússtarfsmaður á eftirlaunum. Hún hefur grænmetisverzlun. Petitpierre er grannholda og fremur hár. Hann er með mjótt, frábærlega velhirt yfirskegg, sem enn er dökkt, þótt hann sé orðin hærður. Hann gengur alltaf vor og sumar með stráhatt og er í ljósu vesti. Petitpierre er snyrtimenni og sjarmör. Hreint enginn flagari þó. En hann hefur langar, fagurlega formaðar hendur, sem hann notar kunnáttulega, þegar hann talar, og hann veit af því, þegar konur horfa á hendurnar á honum. Það hefur heldur ekki farið fram hjá honum sjálfum, að hann hefur þung augnalok og bráhár, sem enn eru þétt og snoturlega sveigð. Augun sjálf eru mosamuskuleg að lit og í þeim eins og vottar fyrir angurværri heimshryggð. Madaman er hnellin, nánar greint anzi holdug. Barmurinn er geysimikill, á hálsinum eru margar fellingar. Augun eru dökkbrún, kvik, snarleg, og í þeim er ósvikinn æskugneisti; háríð er hrokkið og enn náttúrlega svart, þótt hún sé farin að reskjast.

Það er líka töluvert af dökkum hárum á þrýstinni efri vör hennar. Í öðru eyra er hún með hring, sem stungið var þar í gegn, þegar hún var lítil telpa. Handleggirnir eru gildir, en hendurnar smáar, fingurnir samt orðnir það holdugir, að giftingarhringurinn er hálfsockinn í fituskvapið. Aftur á móti er steinhringurinn á hinni hendinni enn ósockinn. Hún fékk hann líka miklu seinna. Það var þegar hún varð í fyrsta sinn amma. Madame er dugleg. Ég held hann sé latur, að minnsta kosti veit ég ekki til, að hann geri annað en sækja grænmetið á markaðinn eldsemma á morgnana, og svo fer hann niður að Signu með sinn matarpakka og er þar, unz tími er til að koma við á Horninu og fá sér eitt glas með vinunum, áður en hann fer heim. Hún stendur allan daginn í búðinni, rifst og rexar og regerar yfir krökkunum, sem eru sex. — Ég kynntist Petitpierre á Horninu. Madame kemur stundum líka á Hornið, þegar hún er búin að loka búðinni.

Þrjú af börnum þeirra hjóna eru gift. Pierre Jean Petitpierre, þriðja elzta barnið, giftist í fyrra. Það hafði verið haldin vegleg veizla á Horninu þá. Ungu hjónin fóru í brúðkaupsferð. Fjölskyldan á bílskrjóð, sem grænmetið er venjulega sótt í á markaðinn. Brúðhjónin fengu bílinn lánaðan í brúðkaupsförina og höfðu með sér tjald. Á einum tjaldstaðnum þurfti brúðguminn að bregða sér frá eins og gengur. —

„En hvaða ólukka haldið þér

hafi skeð?“ segir Madame Petitpierre, og öll óhamingja heimsins uppmálast í andliti hennar — „Haldið þér, að það hafi ekki komið stærðar geitungur fljúgandi og bitið hann á óheppilegasta stað, — hugsið yður aðra eins ógæfu — og það í brúðkaupsferð!“ —

Þau fluttust svo, ungu hjónin, til þorps fyrir utan París, og lífið gekk sinn gang — og sjaldan heyrðist frá þeim.

En einn góðan veðurdag gerast þau óvæntu tíðindi, að sjálf Madame kemur askvaðandi niður á Signubakka, þar sem monsjörinn er að dorga að vanda. Hann situr þarna í mestu makindum á púðanum sínum. Petitpierre er alveg sérstakt snyrtimenni og tekur alltaf með sér smá kodka niður á árbakkann, til að tylla sér á. Það var breiskju sólskin þennan dag, hann hafði ýtt stráhattinum fram á enn-ið, svo að skugga bar á andlitið — og var alveg nýbúinn að rúlla sér sígarettu. Það er heil athöfn, þegar Petitpierre rúllar sér sígarettu, svo vandvirkur er hann. Hann hafði kveikt í sígarettunni og sogað að sér fyrstu reykina — og honum leið reglulega vel. Honum varð því ægifelmt við komu maddömunnar. . . . Það skyldi þó ekki vera dauðsfall í fjölskyldunni eða búðin brunnin? Madame stóð á öndinni og saup hveljur.

„Hvað er á seiði, kona?“ spurði Petitpierre og reyndi að halda ró sinni og virðuleik höfðingja stórrar ættar.

„Það er fæddur sonur,“ stundi Madame loksins upp og brá

Það hafði verið lítið að gera á sendibílastöðinni allan mánuðinn, af og til smásnatt, aldrei heill dagur. Jóhann varð því viðbragðsfljótur, þegar afgreiðslustúlkan tilkynnti, að komið væri að honum, sennilega með búslóðarflutning.

Hann kannaðist við þann, sem hafði pantað bílinn. Það var miðaldra maður, efnafræðingur að atvinnu. En flytja? Jóhann vissi ekki betur en hann hefði keypt sér íbúð fyrir nokkrum árum. Kannske hafði hann selt og fengið sér aðra íbúð?

Efnafræðingurinn stóð fyrir dyr-um úti, þegar hann kom.

— Þetta er nú ekki mjög mikið, sagði hann, aðallega bækur. Samt hefði ég líklega átt að biðja þig að hafa mann með þér. Nú, jæja, ég verð þá bara að hjálpa þér. Bækurnar eru allar komnar í kassa.

Bílstjóranum líkaði vel að vera þúaður. Honum gerðist alla jafnan stirt um mál, ef hann þurfti að þéra. Annars var hann ræðinn. Nú sagði hann:

— Varstu að selja íbúðina þína?

— Nei, ekki er það nú, svaraði efnafræðingurinn seinlega. Ég er

svuntuhorninu yfir kófsveitt enn-
ið. —

„Og hjá hverjum?“ varð mon-
sjörnum að orði.

„Hjá þeim, sem flugan beit,“
sagði Madame Petitpierre og bók-
staflega geislaði af hamingju.

... Svona vindur því fram litla
lífínu í stóru borginni við Fljótið.

Já, það skeður vissulega margt
forkostulegt í Frans ...

Að horfa á sólina

bara að flytja sjálfur og einsam-
all.

Ætli það sé eitthvert óstand í
hjonabandinu hjá honum, ein-
hver „pikkles“ í því eins og strák-
arnir á stöðinni segja? hugsaði Jó-
hann bílstjóri og skildi, að hátt-
vísinnar vegna mátti hann ekki
spyrja frekar.

Efnafræðingurinn gekk á und-
an honum gegnum forstofuna og
inn í herbergi, sem virtist vera
skrifstofa hans eða einkaherbergi.
Þar voru nokkrir trékassar með
bókum, fatnaður í pappakössum,
tvær gamaldags bókahillur, tómar
en rykugar, skrifbroð, skrifborðs-
stóll og legubekkur ásamt fleira
dóti.

Þeir byrjuðu á að bera út í bíl-
inn og efnafræðingurinn afsakaði
að hann hylltist til að taka léttari
hlutina. Síðast tóku þeir skrifborð-
ið. Það var talsvert þungt og þeir
urðu að bera það á milli sín. Efna-
fræðingurinn svitnaði og blés. Þeg-
ar þeir höfðu komið því út í bílinn